



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 27. febrúar 2018

VEL2018020027

7.3

Ráðhús Reykjavíkur  
Bjarni Þóroddsson  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

**Svar við fyrirspurn Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur óháðs borgarfulltrúa um úthlutun almennra íbúða árið 2017 - R18020049.**

Vísað er til svohljóðandi fyrirspurnar Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, sem lögð var fyrir í Borgarstjórn 20. febrúar sl. og barst skrifstofu velferðarsviðs með tölvupósti 21. febrúar s.á.:

Hversu margar fjölskyldur með börn fengu úthlutað almennum íbúðum á vegum Félagsbústaða á árinu 2017? Annars vegar eignir í eigu Félagsbústaða og hins vegar í eigu Reykjavíkurborgar.

Svar: Af 182 úthlutunum á félagslegu leiguhúsnæði á árinu 2017, voru 73 úthlutanir til barnafjölskyldna. Í meðfylgjandi töflu er skipting eftir fjölskyldugerð og eiganda húsnæðis.

Fjölskyldugerð	Eigandi		
	SEA	FB	Samtals
Einstæður faðir	2	1	3
Einstæð móðir	20	45	65
Hjón/sambýlisfólk með börn	2	3	5
Samtals	24	49	73

Virðingarfyllst,

Regína Asvaldsdóttir,  
sviðsstjóri